

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2014, 3. desember, var haldinn 70. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 12:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Nichole Leigh Mosty (Æ) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (Þ); Atli Steinn Arnason, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðva; Bryndís Jónsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjóri í leikskólum; Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson og Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum. Jafnframt sátu fundinn Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir.

Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Niðurstöður hönnunarsamkeppni um samþættan leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf, menningarmiðstöð og almenningsbókasafn, sundlaug og íþróttahús í Ulfarsárdal auk íbúðabyggðar. Heba Hertervig og Magdalena Sigurðardóttir, arkitektar hjá VA arkitektum og Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri á umhverfis- og skipulagssviði, kynna og svara fyrirspurnum.

- Kl. 12:35 tekur Andrea Sigurjónsdóttir sæti á fundinum.

2. Ráðning leikskólastjóra við leikskólann Miðborg. SFS2014110210

Lögð fram:

a) Greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. desember 2014, vegna ráðningar í stöðu leikskólastjóra í Miðborg.

b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu leikskólastjóra í Miðborg.

c) Auglýsing um stöðu leikskólastjóra við leikskólann Miðborg.

Þrjár umsóknir bárust um stöðuna.

Sviðsstjóri leggur til að Kristín Einarsdóttir verði ráðin í stöðu leikskólastjóra við leikskólann Miðborg.

Samþykkt.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum leikskólastjóra Kristínu Einarsdóttur vel-farnaðar í starfi og þakkar fráfarandi leikskólastjóra Ragnheiði Halldórsdóttur vel unnin störf í þágu leikskólastarfs í Reykjavík um árabíl.

- Kl. 12.55 tekur Sara Þöll Finnbogadóttur sæti á fundinum.

3. Lögð fram drög að samningi skóla- og frístundasviðs við Útílífsmiðstöð skáta á Úlfljótuvatni. SFS2014080080
Samþykkt og vísað til borgarráðs.

- Kl. 13.05 vísar Arnaldur Sigurðarson af fundi.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. desember 2014, varðandi tillögu að breytingu á reglum um leikskólaþjónustu, aðgangur barna án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs að leikskólaþjónustu ásamt yfirlit yfir breytingu á reglum um leikskólaþjónustu. Jafnframt lagðar fram reglur um leikskólaþjónustu með tillögu að breytingu. SFS2014110004
Samþykkt og vísað til borgarráðs.

5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. desember 2014, varðandi tillögu að breytingu á reglum um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum, aðgangur barna án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs að daggæslu ásamt yfirliti yfir breytingu á reglum um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum. Jafnframt lagðar fram reglur um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum með tillögu að breytingu. SFS2014110005
Samþykkt og vísað til borgarráðs.
6. Lagt fram bréf frá Skólum ehf., dags. 20. október 2014, varðandi beiðni um samstarf varðandi stofnun heilsu- og íþróttaleikskóla í Egilshöll. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 28. nóvember 2014. SFS2014090234

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Í minnisblaði sviðsstjóra kemur fram að í Grafarvogi eru leikskólabörn búsett í hverfinu töluvert færri en leikskólarými sem þar bjóðast og ekki er gert ráð fyrir breytingu þar á. Skóla- og frístundaráð telur hugmynd um heilsuleikskóla áhugaverða en samþykkir ekki formlegt samstarf um útfærslu heilsu- og íþróttaleikskóla í Egilshöll þar sem ekki er þörf fyrir fleiri leikskólarými í Grafarvogi.

Samþykkt með 5 atkvæðum, skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir sitja hjá.

7. Kjarasamningur KÍ vegna Félags tónlistarkennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Atli Atlason, formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar kynnir og svarar fyrirspurnum.
8. Mötuneytisþjónusta skóla- og frístundasviðs. Helga Sigurðardóttir, gæðastjóri mötuneytisþjónustu, Herborg Svana Hjelm, rekstrarsérfræðingur mötuneytisþjónustu og Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs kynna og svara fyrirspurnum.
- Kl. 14:45 vikur Ragnar Þorsteinsson af fundi.
9. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að leitað verði eftir samstarfi við Embætti landlæknis og Landvernd um að efla lýðheilsu barna, auka umhverfisvitund, minnka matarsóun og hagræða í rekstri mötuneyta leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva til að hámarka næringargildi máltíða. Lagt er til að mötuneytisþjónusta skóla- og frístundasviðs hafi yfirumsjón með framkvæmd tillögunnar í samstarfi við leikskólastjóra, grunnskólastjóra, og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva. Þá verði gætt samráðs við stýrihóp borgarstjóra um lýðheilsu og heilsuefningu í skólum.

Greinargerð fylgir. SFS2014120004
Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skóla- og frístundaráðs fagnar þeim góða árangri sem hefur náðst í innleiðingu þróunarverkefnis skóla- og frístundasviðs með mötuneytum grunnskóla í tilteknum hverfum borgarinnar á liðnu ári. Verkefnið hefur þegar skilað sparnaði í útgjöldum mötuneyta til hráefniskaupa sem nemur 75 milljónum króna og má vænta

enn frekari ávinnings á komandi ári. Verkefnið hefur þau áhrif að skólamötuneytin geta með aðild að verkefninu boðið börnum og ungmennum betri skólamáltíðir með lægri tilkostnaði, í krafti hagstæðari innkaupa, næringarráðgjafar og fræðslu. Meirihlutinn mun fylgja því fast eftir að á næsta ári verði grunnskólum og leikskólum í öllum hverfum borgarinnar boðið að taka þátt í verkefninu með það að markmiði að öll börn fái hollan og góðan mat í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum í borginni samhliða aðgerðum til að efla heilsu og draga úr matarsóun.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gera alvarlega athugasemd við fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg um nýsamþykkt fjárhagsáætlun 2015. Í fréttatilkynningunni er því ranglega haldið fram að framlag borgarinnar til hráefniskaupa í leik- og grunnskólum hækki um 56 milljónir króna frá fyrri áætlun. Í dag hafa margir fjölmiðlar notað þessa tilkynningu í fréttatilkynningu sínum og stuðst við þær tölur sem þar koma fram. Hið rétta er að fjárveitingar til skólamötuneyta lækka um 28 milljónir á milli ára auk þess sem umrædd framlög eru ekki vísitölubætt eins og flestar aðrar fjárveitingar borgarinnar. Þrátt fyrir að á þetta hafi verið bent hér á fundinum hafa fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna ekki sýnt því neinn áhuga að þessi fréttatilkynning verði leiðrétt. Óviðunandi er að meirihluti þessara flokka dreifi með þessum hætti röngum upplýsingum í fréttatilkynningu sem send er út á vegum Reykjavíkurborgar og afvegaleiði þannig fjölmiðla í umfjöllun þeirra um málefni skólamötuneyta í Reykjavík, sem verið hafa í brennidepli að undanfögnu.

Í frumvarpi meirihlutans að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2015, sem lagt var fram í borgarstjórn 4. nóvember sl., var gert ráð fyrir að fjárveitingar til hráefniskaupa skólamötuneyta yrðu skert um samtals 94 milljónir króna á milli ára, 36 milljónir til mötuneyta leikskóla og 58 milljónir til mötuneyta grunnskóla. Eftir að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til að horfið yrði frá umræddri skerðingu og framlög til hráefniskaupa yrðu vísitölubætt um 3,4% á milli ára, lagði meirihlutinn fram breytingartillögu við frumvarpið, sem fól í sér að dregið yrði úr áðurnefndri skerðingu um 66 milljónir, þar af yrði 36 milljónum varið til mötuneyta leikskóla en 20 milljónum til grunnskólanna. Eftir sem áður lækka fjárveitingar til skólamötuneyta um 28 milljónir króna milli árána 2014-2015 auk þess sem ekki er gert ráð fyrir neinni vísitölubætingu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skóla- og frístundaráðs áréttar að með samþykkt borgarstjórnar í gær liggur fyrir að framlög til hráefniskaupa verða hækkuð um 66 milljónir króna frá því sem boðað var í frumvarpi til fjárhagsáætlunar 2015.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Enn og aftur skal á það minnt að skýr munur er gerður á frumvarpi að fjárhagsáætlun og sjálfri áætluninni. Af fréttatilkynningu dagsins er augljóst að fjölmiðlar segja frá málinu eins og það er orðað í fréttatilkynningunni, að um sé að ræða hækkingu á milli fjárhagsáætlana, þ.e. áætlana árána 2014-2015 en ekki milli frumvarps annars vegar og samþykkrar fjárhagsáætlunar hins vegar.

10. Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Skóla og frístundaráð leggur til að umhverfis- og skipulagssvið og skrifstofa eigna og atvinnuþróunar í samstarfi við skóla- og frístundasvið vinni áætlun til fimm ára um endurbóta- og viðhaldsverkefni á leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum í borginni. Áætlunin feli í sér forgangsörðun verkefna sem birt verði opinberlega. Áætlunin verði endurskoðuð árlega og oftast ef þörf krefur.

Greinargerð fylgir. SFS2014120005
Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallavina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina dregur til baka tillögu sína frá fundi skóla- og frístundaráðs þann 19. nóvember sl. varðandi birtingu áætlana um endurbætur þar sem nú hefur verið samin önnur umfangsmeiri tillaga með sambærilegu innihaldi í góðu samstarfi við fleiri pólitíska fulltrúa í ráðinu. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina fagnar góðu samstarfi við aðra pólitíska fulltrúa í skóla og frístundaráði við vinnu að mikilvægum faglegum málum sem sýnir sig t.d. í því að þegar fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina hugðist 19. nóv. leggja fram umfangsmikla bókun varðandi m.a. uppbyggingu og viðhald húsakosts leik- og grunnskóla og frístundastarf sem og áherslu á að reykvísk skólabörn njóti jafnræðis varðandi að njóta nútímalegra kennsluhátta og í samræmi við nýja aðalnámskrá að þá leiddi það til smá umbreytinga á bókuninni sem allir pólitískir fulltrúar ráðsins sameinuðust síðan um.

11. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 19. nóvember 2014:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að skýrslur með niðurstöðum um árangur hvers grunnskóla í lesskimun og stærðfræðiskimun, þ.e. skólaskýrsla, verði birtar á heimasíðu viðkomandi skóla ásamt skýrslu um heildarniðurstöður fyrir grunnskóla borgarinnar.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. nóvember 2014 um tillögu um birtingu skýrslna um lesskimun og stærðfræðiskimun. SFS2014030197

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Sviðsstjóra er falið að óska álits skólastjóra í Reykjavík á tillögu um birtingu niðurstaðna um árangur hvers grunnskóla í lesskimun og stærðfræðiskimun á heimasíðu viðkomandi skóla ásamt skýrslu um heildarniðurstöður fyrir grunnskóla borgarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum, skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir sitja hjá.

Áheyrnarfulltrúi skólastjóra í grunnskólum í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Skýrslur um lesskimun og stærðfræðiskimun eru hugsaðar til þess að koma upplýsingum um stöðu einstaklinga í lestri og stærðfræði svo skóli og heimili geti brugðist við stöðu einstakra nemenda með viðeigandi úrræðum. Fulltrúi skólastjórnenda í Reykjavík sér ekki tilgang í því að birta þessar skýrslur á heimasíðum skólanna og telur að þetta geti verið viðkvæmar upplýsingar sem ekki á að birta í heild sinni. Vert er að geta þess að skólar í Reykjavík eru mjög ólíkir hvað varðar nemendasamsetningu og geta slíkar upplýsingar verið viðkvæmar og ekki samanburðarhæfar.

12. Lagt fram níu mánaða fjárhagsuppgjör skóla- og frístundasviðs, janúar til september 2014. Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2014060146

- Kl. 15:40 vikur Atli Steinn Árnason af fundi.
- 13. Lagt fram yfirlit yfir innkaup skóla- og frístundasviðs yfir 1 m.kr., júlí – september 2014. SFS2014060149
- 14. Skipan fulltrúa í stýrihóp um fjármál skóla- og frístundasviðs. Samþykkt að skipa í stýrihópinn Heiðar Ingi Svansson (Æ), Líf Magneudóttir (V), Kristínu Elfu Guðnadóttir (P), Jónu Björgu Sætran (B) og Skúla Helgason (S) sem er formaður hópsins.
- 15. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 5. nóvember 2014, varðandi fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum Reykjavíkur. SFS2014110112
- 16. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 1. desember 2014, um embættisafgreiðslu erindis sem borist hefur skóla- og frístundaráði, eitt mál. SFS2013050090

Fundi slitið kl. 16.25

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir
Nichole Leigh Mosty

Kjartan Magnússon
Marta Guðjónsdóttir
Sabine Leskopf